

Heimastjórn Arnarfjarðar - 16 (14.1.2026) - Samgönguáætlun 2026-2040

Málsnúmer	: 2512032
Málsaðili	: Innviðaráðuneytið
Niðurstaða (stutt)	:
Fundardagur	: 14.01.2026
Inngangur	: Samgönguáætlun 2026 - 2040 tillaga til þingsályktunar
Niðurstaða	: Heimastjórn Arnarfjarðar bendir á mikilvægi Bíldudalsflugvallar fyrir samgöngur til og frá Vesturbyggð og þá sérstaklega fyrir sjúkraflug. Mjög brýnt er að koma upp bættum hindrunarljósum og aðflugsljósum að flugvöllinum til að unnt sé að tryggja öryggi flugs í myrkri þar sem lítið er um ljós í nágrenni flugvallarins og því nauðsynlegt að bætt sé úr ljósabúnaði við flugvöllinn sem allra fyrst. Sjúkraflug á sér stað á öllum tímum sólarhrings og gríðarlega mikilvægt að hægt sé að lenda á Bíldudalsflugvelli hvenær sem er en flugmenn hafa kvartað undan ljósleysi í aðflugi að flugvöllinum þegar komið er til landingar í myrkri.

Heimastjórn Arnarfjarðar tekur undir bókun bæjarstjórnar Vesturbyggðar frá 19. fundi þann 11.12.2025 varðandi framkvæmdir við Bíldudalsveg og ítrekar sérstaklega nauðsyn þess að þeirri framkvæmd verði flýtt eins og kostur er. Vegurinn inn Arnarfjörð er oft í afar slæmu ástandi og ekki haldið opnum að vetri til sem lengir ferðatíma verulega fyrir íbúa og fyrirtæki á Bíldudal þar sem aka þarf yfir Hálfðán, Mikladal og Kleifaheiði til að komast áleiðis út af svæðinu. Það er því afar mikilvægt að koma á heilsárssamgöngum inn Arnarfjörð sem fyrst til að stytta ferðatíma og lækka flutningskostnað fyrirtækja og íbúa.

Einnig tekur heimastjórn Arnarfjarðar undir bókun bæjarstjórnar þar sem fagnað er því að Suðurfjarðagöng, göng um Mikladal og Hálfðán séu meðal forgangsverkefna í drögum að samgönguáætlun. Heimastjórn fagnar því sérstaklega að áætlað sé að hefja undirbúning að rannsóknum og hönnun þessa verkefnis strax á næsta ári og mikilvægt að sú áætlun standist. Jarðgöng á sunnanverðum Vestfjörðum munu skipta sköpum í samgöngum innan sveitarfélagsins og stuðla að jákvæðri þróun í uppbyggingu atvinnulífs og fjölgun íbúa í sveitarfélaginu.

Heimastjórn Arnarfjarðar fagnar því að bygging nýrrar trébryggju í Bíldudalshöfn sé staðfest í drögum að samgönguáætlun og að vinna við hana hefjist sem fyrst. Stöðugt eykst þörf fyrir bryggjupláss í Bíldudalshöfn og mun trébryggjan mæta þeirri þörf að einhverju leyti.

Samþykkt samhljóða.